

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Skagafjarðar, nr. 1336/2022.

1. gr.

2. tölul. B-liðar 47. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Félagsmála- og tómstundanefnd. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með verkefni samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, málefni félagsþjónustu eins og þau eru skilgreind í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, málefnum fatlaðs fólks samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og með öldrunarmálum samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999. Nefndin fer með verkefni yfirstjórnar barnaverndarþjónustu skv. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Samkvæmt samningi um rekstur barnaverndarþjónustu á Mið-Norðurlandi, sbr. auglýsingu nr. 1627/2022 fer sveitarfélagið Skagafjörður með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem ekki er falin öðrum. Nefndin fer jafnframt með íþrótt- og æskulýðsmál og forvarnamál. Sveitarstjórn setur að tillögu nefndarinnar reglur um afgreiðslu mála á grundvelli framangreindra laga. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

2. gr.

Við C-lið 47. gr. samþykktarinnar bætist nýr töluliður, 11. tölul., sem orðast svo:

Umdæmisráð barnaverndar. Samkvæmt samningi um rekstur umdæmisráðs Landsbyggða skipa aðildarsveitarfélögin fimm manna valnefnd er fer með umboð sveitarfélaganna til skipunar í umdæmisráð barnaverndar. Skipunartími umdæmisráðs er fimm ár.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skagafjarðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 8. febrúar 2023.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.